

## Fundargerð 501

Miðvikudaginn 29. september 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), Kári Gautason (KG) og María Hjálmarsdóttir (MaH). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Anna Lilja Pétursdóttir (ALP) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 7) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 11:01 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
3. Umboð stjórnar vegna fjármálagerna - til afgreiðslu
4. Lánamál - til afgreiðslu
  - a. ...
  - b. ...
5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
6. Vinnu- og skólasóknasvæði og almenningssamgöngur - til kynningar
7. Flutningsjöfnunarstyrkir 2021 - til kynningar
8. Bygðaráðstefnan 2021 - til kynningar
9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 500.

Formaður bar upp fundargerðina og komu ekki fram athugasemdir og telst hún því samþykkt og verður send stjórn til rafrænnar undirritunar.

### 2. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur 6. útgáfa af Áhættustefnu og áhættureglum Byggðastofnunar og minnisblað forstjóra sem hann sjálfur kynnti.

Samkvæmt 5. gr. reglna um störf stjórnar Byggðastofnunar skal hún yfirfara og samþykkja áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og tryggja að innri ferlar áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega, auk þess að verja hæfilegum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti í starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnendur og umsjónarmaður áhættustýringar hafa yfirfarið núgildandi áhættustefnu og áhættureglur og gera ekki tillögur að breytingum að þessu sinni. Því er lagt til að stjórn samþykki meðfylgjandi áhættustefnu óbreytta.

Til máls tók MBJ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Umboð stjórnar vegna fjármálagerninga - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns rekstrarsviðs um umboð stjórnar til forstjóra og forstöðumanns rekstrarsviðs til að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir hönd Byggðastofnunar sem MH kynnti.

Lagt er til að stjórn samþykki að veita Aðalsteini Þorsteinssyni forstjóra og Magnúsi Helgasyni forstöðumanni rekstrarsviðs umboð til að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir hönd Byggðastofnunar.

Til máls tók MBJ

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

### 4. Lánamál - til afgreiðslu

a. ...

...

b. ...

...

### 5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 29/21-33/21 auk samantektar á afgreiðslum lánanefndar frá síðasta stjórnarfundi og frá áramótum sem AME kynnti.

Formaður gerði fundarhlé kl. 12:10 og var fundi framhaldið kl 12:23

### 6. Vinnu- og skólasóknasvæði og almenningsamgöngur - til kynningar

ALP kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti nýja skýrslu Byggðastofnunar um vinnu- og skólasóknasvæði og almenningsamgöngur sem unnin var að beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Til máls tóku MBJ, KB og GP

ALP vék af fundi

### 7. Flutningsjöfnunarstyrkir 2021 - til kynningar

HP kom á fundinn undir þessum lið og kynnti úthlutun á flutningsjöfnunarstyrkjum sem úthlutað var nýlega. Úthlutað var 214 m.kr. til 83 aðila en sótt var um 324 m.kr. í styrki.

Til máls tóku MBJ, KG, GP,

HP vék af fundi.

### 8. Byggðaráðstefnan 2021 - til kynningar

AÞ kynnti fyrirhugaða Byggðaráðstefnu sem haldin verður 26. og 27. október nk. á Hótel Kötlu, Höfðabrekku í Mýrdal. Dagskrá ráðstefnunnar liggur fyrir fundinum. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Menntun án staðsetningar?“ Eru stjórnarmenn hvattir til að mæta en stefnt er að því að stjórn fundi að morgni 26. október.

### 9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og rekstrar 31. ágúst sem AÞ kynnti.

Til máls tóku GP og KB

### 10. Önnur mál

Rætt var um lánveitingar á svæðum sem Veðurstofan skilgreinir sem rauð vegna ofanflóðahættu, flutningsjöfnun olíuvara og úrgangsmál og brennslustöðvar.

Stjórn samþykkti eftirfarandi ályktun sem forstjóra var falið að senda ráðherra og nýkjörnum alþingismönnum:

*Stjórn Byggðastofnunar hvetur ráðherra og nýkjörið Alþingi til að taka tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2026 til umræðu og afgreiðslu sem allra fyrst.*

*Tillagan var lögð fram á Alþingi s.l. vor og bíður umræðu. Hún er afurð víðtæks samráðs við almenning, sveitarfélög, þingmenn, ráðuneyti, atvinnulíf og hagsmunaaðila um land allt. Í henni er áréttað mikilvægi náins samráðs við framkvæmd byggðastefnu. Þá er byggðaáætlun tengd með beinum hætti við aðrar opinberar stefnur og áætlanir sem máli skipta um þróun sjálfbærra og blómlegra byggða um land allt. Byggðaáætlun skal lögum samkvæmt hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.*

*Aðgerðaáætlun til fimm ára fyrir árin 2022-2026 fylgir byggðaáætlun. Þar eru settar fram 44 aðgerðir sem miða að því að tryggja framgang markmiða áætlunarinnar. Margar þeirra eru framhald af aðgerðum í gildandi byggðaáætlun en aðrar eru nýjar og byggja á því mikla samráði sem átti sér stað við vinnslu tillögunnar.*

*Í aðdraganda nýafstaðinna kosninga kom skýrt fram í málflutningi frambjóðenda landsbyggðakjördæma að þeir teldu byggðamál eitt af helstu áherslumálum næstu ára og til að viðhalda samfellu við gerð og framkvæmd byggðaáætlunar, sem þverpólitísk sátt hefur verið um, hvetur stjórn Byggðastofnunar ráðherra og nýkjörið Alþingi til þess að taka málið til umræðu og afgreiðslu sem allra fyrst.*

## 11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 26. október nk. á fundarstað Byggðaráðstefnu Byggðastofnunar í Mýrdalshreppi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:42

Magnús Helgason fundarritari